

Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 135/2172*  
*komudagur 11.4.2008*

Reykjavík, 10. apríl 2008

**Umsögn Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa um frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum.**

Félag heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa vísar til bréfs Umhverfisnefndar Alþingis, dags. 13. mars 2008 þar sem félaginu er fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á skipulags- og byggingarlögum, nr. 73/1997, með síðari breytingum, 434. mál, nýting lands til heræfnga.


**Almenn umsögn**

Að mati Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa er um þarfa viðbót við lögin enda geta heræfingar haft í för með sér umtalsverða mengun og röskun fyrir umhverfið. Það er skoðun félagsins að ennfremur þurfi að koma til breyting á lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun með síðari breytingum, þar sem heræfingar verði gerðar starfsleyfis- og eftirlitsskyldar.

**Umsögn um einstakar greinar**

Gr. 1: Að mati félagsins skyldi viðbót við 2.mgr. 3. gr. laganna hljóða svo: "Sveitarstjórn skal taka ákvörðun um hvort heræfingar verði samþykktar á viðkomandi stað ***að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar***". Nauðsynlegt er að heilbrigðisnefnd hafi aðkomu svo það unnt sé að fá faglega úttekt áður en ákvörðun er tekin.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd Félags heilbrigðis- og umhverfisfulltrúa,

  
Svava Svanborg Steinarsdóttir,  
formaður.